



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

## Minnisblað vegna Blikastaðalands

**Efni:** Minnisblað vegna rýnivinnu Blikastaðalands

**Dags:** 12. júlí 2021

**Málsnúmer:** 202010357/19.0

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmenn:** Haraldur Sverrisson, Jóhanna Björg Hansen, framkvæmdastjóri umhverfissviðs, Linda Udengard framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs, Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi, Gunnhildur Sæmundsdóttir, skólafulltrúi og Arnar Jónsson, forstöðumaður þjónustu- og samskiptadeildar.

---

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 767. fundi sínum þann 16.09.2020 að skipa stýrihóp og tvo rýnihópa til þess að vinna að undirbúningi þróunar-, skipulags- og uppbyggingarvinnu vegna íbúðabyggingar á landi Blikastaða.

Í stýrihópnum sátu fyrir hönd Mosfellsbæjar þeir Haraldur Sverrisson og Arnar Jónsson og fyrir hönd Landeyjar sátu þau Þorgerður Arna Einarsdóttir og Jón Ágúst Pétursson. Í rýnihóp 1 sátu fyrir hönd Mosfellsbæjar þau Jóhanna B. Hansen og Kristinn Pálsson auk Þorgerðar Örnu og Jóns Ágústs. Í rýnihópi 2 sátu fyrir hönd Mosfellsbæjar þær Linda Udengard og Gunnhildur Sæmundsdóttir auk Þorgerðar Örnu og Jóns Ágústs. Í fyrstu unnu rýnihóparnir afmarkað í sínum verkefnum en á seinni stigum funduðu hóparnir þrír saman.

Rýnihópar á vegum sveitarfélagsins og Landeyjar hafa fundað um tillögu Landeyjar að forsögn að rammaskipulagi í Blikastaðalandi, sem ráðgjafafyrirtækið Alta vann. Rýni hefur miðað að því að greina helstu þætti byggðar svo sem þéttleika, tengingar, almenningssamgöngur og þjónustu.

Lagt er til að bæjarráð taki afstöðu til framlagðrar niðurstöðu rýnihópanna og eftir atvikum vísa málinu til skipulagsnefndar þar sem tekin verði ákvörðun um gerð rammaskipulags og breytinga á Blikastaðalandinu samhliða endurskoðun aðalskipulags sem nú er í endurskoðun.

Virðingarfyllst,

Haraldur Sverrisson

Jóhanna B. Hansen

Linda Udengard

Kristinn Pálsson

Gunnhildur Sæmundsdóttir

Arnar Jónsson